

• • •

Birkið bíður hans í skúrinni. Einstaklega fallegur viður sem Lárus hefur þurrkað af alúð mánuðum saman. Teikningarnar eru tilbúnar, hann er búinn að merkja fyrir og taka allt til. Auðvitað hefði hann getað byrjað eitthvert kvöldið, en þessi viður er sérstakur, óvenjulega gildur og sá fallegasti sem hann hefur náð í lengi. Lárus vill gefa sér góðan tíma og njóta þess að vinna hann. Viðurinn kostaði líka töluvert. Langar setur yfir vondu kaffi, þónokkrar fortölur, yfirborgun og viskípela í kaupbæti. Svona gott og beint birki er nánast eyrnamerkt stóru handverks-húsunum fyrir austan, en hann er tilbúinn að leggja mikið á sig fyrir gott efni.

Sem betur fer þurfti Lárus lítið að vinna í morgun. Laugar-dagarnir eru oftast rólegir á þessum tíma árs, á meðan ekki snjóar að minnsta kosti. Helgin er framundan, bara hann og birkið í rólegheitum. Kannski smáskrepp á Kajann í kvöld, en kannski ekki. Sennilega bara ekki. Lárus er orðinn hálfleiður á tilbreytingalitlu helgardjamminu og nennir sjaldan að fara nema þegar eitthvað er um að vera. Hann hengir upp vinnugallann í forstofunni og hitar kaffi. Það er svolítill hávaði í vélinni en mávagargið berst samt vel inn um opinn eldhúsgluggann. Það er bátur á leiðinni inn, drekkhlaðinn sýnist Lárusi, en öllum

ætti að vera óhætt í dag. Fjörðurinn er spegilsléttur og villikettirnir sóla sig á brimgarðinum.

Hann er rétt sestur niður með bolla og ristað brauð með osti og rabarbarasultu þegar síminn hringir. Hann þekkir númerið, veit að nú er friðurinn úti. Það verður ekkert úr smíðunum í bráð, birkið fallega þarf að biðja eitthvað lengur. Hafþór hringir sjaldan nema til að biðja um greiða. Það hvarflar samt ekki að Lárusi að láta símann vera. Hann er heima og þá svarar maður.

„Lalli? Haffi hérna. Heyrðu kallinn, heldurðu að þú getir bjargað mér um smávegis?“

Lárus heldur tólinu aðeins frá eyranu. Hafþór gæti næstum sleppt því að nota síma, að minnsta kosti innan þorpsins. Honum liggur hátt rómur, sérstaklega ef hann er stressaður. Og eins og útgerðin hefur gengið að undanfögnu er hann það oftan ella.

„Jú, ætli það ekki.“

Lárus stendur upp frá borðinu og gengur að eldhúsglugganum. Trén standa nakin í garðinum og ramma inn útsýnið út fjörðinn. Það var frost í nótt svo hrímið glitrar enn á rúmgóðum pallinum fyrir framan húsið.

„Hún frænka mín kemur með fluginu á eftir og ég er með menn hjá mér að fara yfir flökunarvélnar, þær eru búnar að vera með leiðindi alla vikuna eins og þú veist, og ég kemst bara alls ekki frá. Sissa er eitthvað upptekin og ég er í standandi vandræðum. Heldurðu að þú reddir mér ekki?“ Hafþór dregur varla andann á meðan hann hálf hrópar þetta inn í símtólið.

„Jú jú, það hlýtur að bjargast.“ Lárus lítur löngunaraugum á brauðsneiðarnar og stynur innra með sér.

„Hún kemur núna með hádegisvélinni, lendir eftir tæpan hálf tíma, heitir Sólveig. Þetta er ung stelpa, ljóshærð og frekar nett svona. Takk Lalli, þú tekur hana bara heim til mín. Hún Sissa nær ábyggilega að taka á móti henni þar. Ég bið kærlega að heilsa henni, ha, Lalli minn.“

Lárus stynur og lítur á útskorna eldhúsklukkuna. Tuttugu og þrjár mínútur þangað til vélin lendir og það tekur ríflega tuttugu mínútur að keyra inn á flugvöll á löglegum hraða. Hann fær sér sopa af kaffinu sem enn er sjóðheitt og treður í sig brauðsneiðinni á leiðinni út.

Jeppinn bíður fyrir utan, glampanði hreinn og varla orðinn kaldur eftir aksturinn heim úr vinnunni. Nú fer hann sömu leið til baka, meðfram sjávarkambinum, hægri beygju fram hjá skólanum með fjólubláa anddyrinu, yfir gatnamótin hjá sjoppunni og upp veginn út úr þorpinu. Það verður að laga þessa hörmung, hugsar Lárus, eins og í hvert sinn sem hann ekur fram hjá skólanum. Anddyrið var tilraun til að gera skólann glaðlegri og svo fékkst málningin gefins. En tilraunin heppnaðist því miður ekki, það minnir helst á stóran marblett.

Hann kveikir á útvarpinu af gömlum vana, laugardagsþrasið er að byrja. Í þetta sinn er kvótinn til umræðu svo Lárus hlustar með öðru eyranu, ef svo ólíklega vildi til að eitthvað nýtt kæmi fram. Rétt utan við sauðfjárveikivarnahliðið mætir Lárus svörtu mótórhjóli á virðulegum aldri. Leðurklædd hönd veifar í kveðjuskyni og Lárus svarar í sömu mynt. Séra Einar er snemma á ferðinni í dag. Lárus lítur í kringum sig. Aðrir eru ekki á ferli, nema örfáar rollur langt innan girðingar og enga lögreglu að sjá. Það er sjaldan hraðamælt í firðinum svo hann tekur sénsinn og gefur aðeins í. Honum finnst leiðinlegt að koma of seint.

Sólin glampar á spegilsléttum sjónum, það er fjara og sandgulur tanginn hinum megin nær næstum því alla leiðina yfir. Þrátt fyrir hraðann nær hann að sjá seli spóka sig á steinum og dauðlangar að hægja á til að skoða þá betur. En það er enginn tími til þess. Myrkríð í göngunum er nánast þrúgandi eftir alla birtuna fyrir utan en hann á sem betur fer réttinn á leiðinni yfir og er fljótur í gegn. Hann er varla kominn út hinum megin þegar hann sér vélina svífa inn fjörðinn í falletum boga. Hún flýgur fremur lágt í þetta sinn og nálægt snarbröttu fjallinu í

logninu og birtunni. Þetta ætti að vera falleg útsýnisferð fyrir farþegana hugsar Lárus um leið og hann stígur örlítið fastar á bensínið. Vélin tekur krappa beygju nánast beint yfir bílnum og þegar Lárus rennir inn á stæðið er hún lent. Hann hraðar sér yfir mölina og hnýtur næstum um stein. Andskotinn að þetta skuli ekki vera malbikað hugsar hann, ekki í fyrsta skiptið. En þegar hann gengur inn um sjálfvirka hurðina er vélin enn harðlokuð og röð af farþegum við útgönguhliðið.

Lögregluhundurinn Golíat hnusar af farangri, virðulegur og meðvitaður um eigið mikilvægi, svartur feldurinn glansandi í sólskininu. Lárus fylgist með Golíat vinna þangað til hann hverfur á bak við vélina. Langa stund gerist alls ekki neitt. Farþegarnir í biðsalnum eru farnir að ókyrrast og „megum við fara núna?“ heyrst með reglulegu millibili frá litlum snáða með UM merki um hálsinn og súpermannpoka á bakinu.

En svo opnast vélin og brosandí flugfreyjan birtist í dyrunum eins og frelsandi engill. Farþegarnir streyma niður tröppurnar. Sumir hratt, öruggir í fasi, aðrir hægar, hikandi og með erfðismunum. Börn hlaupa fagnandi til afa eða ömmu og embættismenn stika ábúðarfullir yfir malbikið í jakkafötum með áberandi glæsilegar fartölvutöskur og símana límdu við eyrað.

Lárus skimar eftir ljóshærðri stúlku. Hann er svolítið kvíðinn því hann veit ekki hvernig hann á að þekkja hana. Þarna kemur ein, en gráhærð kona gengur hratt á móti henni og faðmar hana að sér. Þetta er greinilega ekki sú rétta.

Hann færir sig nær dyrunum og starir á landganginn eins og til að kalla hana fram. Það er orðið lengra á milli farþega en loks birtist dökkklædd smávaxin stúlka með mikið ljóst hár. Hún gengur hægt niður tröppurnar með litla tösku í annarri hendi en heldur í handriðið með hinni. Hún strýkur hárið frá andlitinu og lítur í kringum sig. Hann er kominn á fremsta hlunn með að fara til móts við hana en hættir við. Hvað ef þetta er ekki hún? Það væri vandræðalegt að æða á móti allt annarri stelpu.

Í staðinn bíður hann við dyrnar og segir hikandi: „Sólveig?“ þegar hún nálgast.

„Já?“ Hún virðist hissa.

„Hérna ... hann Hafþór bað mig að sækja þig, hann er upptekinn.“

„Ó.“ Hún horfir rannsakandi á hann og Lárus verður skyndilega óþægilega meðvitaður um slitnu vinnufötin og magann sem hangir ansi langt yfir buxnastrenginn og strekkir á upplit-uðum bolnum.

„Fyrirgefðu má ég aðeins?“ Einkennisklæddur maður ryðst fram hjá með fangið fullt af böggjum.

„Afsakið!“

Það rennur upp fyrir Lárusi að þau standa í gangveginum.

„Ertu með farangur? Við ættum kannski ...?“ Hann kinkar kolli í átt að færibandinu sem hrekkur í gang með miklu ískri og látum. Bakpokinn hennar kemur fyrstur út, lítill grænn taupoki. Svo hálffullur svartur ruslapoki, lokaður með brúnu límbandi. Lárus setur hann á gólfíð og ætlar að bíða eftir meiru þegar hún tekur pokana og leggur af stað í átt að útganginum.

„Er þetta allt?“

„Já.“

Hann flýtir sér á eftir henni.

„Má ég ekki taka pokann?“

„Jú, ef þú vilt, en ég get alveg borið hann, þetta er ekki svo mikið.“ Hún réttir honum plastpokann og það er rétt, hann er fisléttur. Um leið dregst þunnur jakkinn til hliðar og hann sér að hún er barnshafandi. Komin talsvert langt sýnist honum, ekki það að hann sé neinn sérfræðingur.

„Átti Sissa ekki að sækja mig? Var hún kannski þreytt?“ Sólveig brosir.

„Jú, sennilega. Hann frændi þinn hringdi á síðustu stundu, ég varð að leggja strax af stað, ég var dauðhræddur um að koma of seint.“

Lárus sér enga ástæðu til að ljúga fyrir Sissu. Hann veit vel að hún var að skemmta sér í gærkvöldi með konunum úr vinnslunni. Þær voru að taka á móti Guðrúnu, nýja vélstjóranum og vígja hana inn í skemmtanalífið á Kajanam.

„Heyrðu, hvað heitirðu?“

„Úps, ég gleymdi að kynna mig. Ég heiti Lárus.“ Hann roðnar og strýkur hárið frá andlitinu.

„Sólveig. Komdu sæll. Gaman að kynnast þér.“

• • •

„Ætlaðu að vera yfir helgina, eða ertu að koma í lengri heimsókn?“

Þau þurfa að bíða góða stund í útskoti inni í miðjum göngum á meðan bílarnir þjóta hjá. Hann lítur á hana í daufu skini öryggisljóssins.

„Ég er ekki að koma í heimsókn. Ég er að flytja hingað. Haffi og Sissa ætla að hjálpa mér að finna vinnu og íbúð.“

„Ókei! Þá býð ég þig bara velkomna. Og hérna ... eru fleiri með þér?“

„Þú sérð það nú! Það er farþegi innanborðs, tilvonandi jólabarn.“

Það var nú ekki það sem Lárus átti við en hann kann ekki við að spyrja frekar. Á leiðinni tala þau um fjöllin og helstu örnefnin. Hann bendir á prestsetrið handan við fjörðinn og segir henni frá séra Einari þegar þau mæta honum á hjólinu. Hún man ýmislegt, en hún hefur ekki komið í heimsókn síðan fyrir fermingu svo hún er líka búin að gleyma ýmsu. Hann laumast til að kíkja á hana öðru hvoru um leið og hann bendir og útskýrir. Hún er þreytuleg, ljósa hárið er úfið og það eru dökkir baugar undir augunum. En það er eitthvað við hana. Eitthvað sem dregur augun að henni þótt hann vilji alls ekki glápa. Hann

kann ekki við það, veit vel að stelpum er ekkert um að ókunnugir strákar stari á sig. Hvað þá strákar eins og hann.

Hann þagnar þegar þau nálgast þorpið. Langar að segja eitthvað að lokum en dettur ekkert í hug. Þau horfa hvort á annað þegar bíllinn stöðvast fyrir framan bláa húsið þeirra Hafþórs og Sissu.

„Hérna, ef það er eitthvað sem ...“

Lengra kemst hann ekki því Sissa ryðst út úr húsinu og upp stéttina á móti þeim.

„Sólveig, elskan mín. Velkomin. Vá hvað þú ert orðin myndarleg, hvað ertu komin langt, eru þetta ekki að verða sjö mánuðir? Takk, Lalli minn, þú bjargaðir mér alveg, ég var bara ekki nógu hress til að keyra og hann Haffi, já þú veist hvernig þetta er með hann Haffa.“

„Já, þetta var ekkert mál. Við sjáumst bara, bless.“

Lárus keyrir hugsi þennan stutta spotta heim til sín. Hvers vegna þarf fólk alltaf að ljúga um einföldustu hluti? Sissa var þunn og ekki upptekin. Það var augljóst og ekkert til að skammast sín fyrir. Hann drekkur hálf kalt kaffi standandi við eldhúsbekkin áður en hann reimar á sig gönguskóna. Birkið fallega verður að bíða aðeins lengur í skúrinni. Það er einhver ókyrrð í honum sem hann þarf að ganga af sér.

• • •

„Láttu mig hafa ís með dýfu á línuna og malt. Og það verður að vera ískalt!“

„Á ég að opna maltið?“ Malai sveiflar svarta síða hárinu yfir öxlina um leið og hún teygir sig eftir maltflöskunni.

„Auðvitað, en ekki hvað?“ Sissa grettir sig pirruð.

„Noh, svona svona, fáðu þér sopa, þú þarft á því að halda!“ Malai brosir til Sissu og blikkar krakkana.

„Takk. Uss, krakkar, setjist og verið stillt! Ég kem með ísinn.“ Sissa herðir beltið á ljósa ullarjakkanum, það er hrollur í henni síðan í gær. Krakkarnir setjast við gluggann og bíða spenntir. Sissa hellir maltinu í glas við afgreiðsluborðið, þambar dökkbrúnan vökvann og reynir að bæla niður ropa.

„Verði þér að góðu. Gaman í gær?“

Malai býr til ísana og dýfir þeim í súkkulaði og sælgætiskurl. Hún þarf ekki að spyrja, hún þekkir krakkana og veit hvað þeir vilja. Sissa horfir löngunaraugum á sígarettuhilluna en slítur sig frá henni og hristir sig. Sissa hefur ekki reykt í tíu ár og ætlar svo sannarlega ekki að falla í dag.

„Já, fínt, heilmikið stuð og Kajinn var næstum fullur. Voruð þið Aðalsteinn bara heima?“

„Já, bara kósi og svona. Hver var með Lárusi í bílnum áðan?“

„Með Lalla? Þetta var hún Sólveig frænka hans Haffa. Manstu ekki eftir Sólu hans Villa, hún kom alltaf á ættarmótin hjá okkur þegar hún var lítil?“

„Já, lítil og sæt, ljóshærð er það ekki? Alltaf úti að leika, er hún orðin fullorðin?“ Malai kunnir varla orð í íslensku, þegar hún mætti nýtrúlofuð með Aðalsteini á sitt fyrsta ættarmót, en þau eru orðin mörg síðan og hún þekkir flesta í fjölskyldunni og þá sem þeim tengjast.

„Já og ólétt, komin sjö mánuði.“

„Vá! Og bara komin hingað. Um vetur? Og enginn kærasti?“ Malai er steinhissa.

„Nei. Það er eitthvað erfitt hjá henni, hún kom allslaus, bara með eitthvað smávegis af fötum á sig og sæng í poka.“

„Og hún ætlar eiga hér?“

„Já já. Hún er alkomin. Ég þarf að finna eitthvað til handa henni, vagn, rúm og svona. Haffi er búinn að redda henni íbúð og vinnu þangað til hún á að eiga. Það er eitthvað ósætti og vesen í fjölskyldunni hjá henni og tja, ég veit ekki. En nú er hún komin til okkar og hann Haffi búinn að taka hana að sér.“

„Þú getur fengið háan stól hjá mér og ég á útigalla líka og föt. Ég skal koma með það til þín á eftir.“

„Æ, takk. Veistu kannski um fleiri sem gætu lánað mér eitt-hvað?“

„Já örugglega, ég skal spyrja. En af hverju er hún koma hingað?“

Háværir krakkar bíða eftir laugardagsnamminu við afgreiðsluborðið. Malai snýr sér hálfvegis að þeim en bíður eftir svari.

„Hún hringdi bara og bað um að fá að koma. Þú segir það ekki neinum, en hún er búin að vera í einhverju rugli, stelpan. Ég veit svei mér ekki alveg hvað er í gangi. En þú þekkir Haffa. Allt fyrir ættina, hann úthýsir aldrei frændfólki.“

Það er nóg að gera í sjoppunni á laugardögum og fyrir kvöldmat er Sissa komin með svalavagn, snjóbotu, kerru og kerrupoka, bílstól og heilmikið af fötum. Hún á sjálf vagn, barnarúm og sæng, svólitíð slítið að vísu, en ágætt samt. Þetta er allt að koma.

• • •

„Blessuð, Gugga mín, þú ert snemma á fötum!“ Hannes gengur að Kajanum, í gráum rykfrakka með staf.

„Það er um að gera að nota blíðuna á meðan hún endist. Svo sjást glerbrotin líka vel í sólskininu,“ Guðbjörg tekur upp hálfá bjórflösku og setur hana varlega í svarta plastfötu.

„En þú vakir heilu og hálfu næturnar yfir fólkinu vinan, þú verður að passa heilsuna! Annars verður þú ekki eins gömul og ég.“ Hannes hlær og potar laust í Guðbjörgu með stafnum.

„Ég geri það, Hannes, ég legg mig oftast seinni partinn svona um helgar. Hvað ertu annars orðinn gamall, eða er það kannski leyndarmál?“

„Ég er áttatíu og átta ára, Gugga mín. Hvorki meira né minna.“

„Noh! Það er nú ansi gott! Annars er ég svona þér að segja orðin hundleið á þessu brasi. Ég hef meira en nóg að gera á hárgreiðslustofunni og má eiginlega ekki vera að þessu. En það er ekki hægt að loka Kajanum, þessum landsfræga stað og eina samkomustaðnum í þokkabót. Það væri eins og að loka hálfri sál plássins held ég bara. En ég hætti um leið og einhver fæst til að taka við þessu helvíti. Mér finnst til dæmis ekkert sérlega ánægjulegt að tína upp glerbrot og stubba úr grjótinu á sunnudagsmorgnum, hvað þá að þrifa ælu!“

„Nei, það getur varla verið skemmtilegt.“ Hannes tyllir sér á græna bekkinn. „Það hefur sem sagt verið fjör í gær?“

„Já, það má segja það. Trúbadúrin var að spila og það nær hreinlega enginn upp sömu stemningu og hann, einn með gítarinn. Ekki einu sinni stórkanónurnar að sunnan. Það er eitthvað við þennan strák, þó er hann rámur og hálf sjúksaður og ekki einu sinni sætur!“

„Sætur, iss, karlmenn eiga ekki að vera sætir. Það er bara nútíma firra. Karlmenn geta verið myndarlegir, en þeir eiga fyrst og fremst að vera traustir og ábyggilegir. Það er mín skoðun að minnsta kosti.“

Guðbjörg lítur upp úr glerbrotatínslunni. „Já.“ Hún hendir lúkufylli af brotum í græna fötu. „Svei mér þá ef þú hefur ekki rétt fyrir þér.“

„Þú ert skynsöm stúlka og hefur allaf verið. Og myndarleg, með þetta hrokkna hár og þessi fallettu brúnu augu. Þú ættir að vera að hugsa um börn og bú en ekki að standa í þessum bölvaða barningi! En nú verð ég að fara að drífa mig. Ég er á leiðinni í bröns eða hvað þetta nú heitir, til Hafþórs að heilsa upp á hana litlu frænku okkar.“

„Nú, hver er það?“

„Hún Sólveig hans Vilhjáms heitins. Þú manst eftir henni ... hún er eitthvað yngri en þú auðvitað en hún kom oft hingað með Vilhjálmi og konunni hans á meðan hann lifði.“

„Já, mig rámar eitthvað í hana. Ljóshærð stelpa, feimin. Er hún að heimsækja Haffa? En gaman.“

„Nei, nei, hún er flutt hingað til okkar.“

„Á þessum árstíma? Hvað er hún að fara að gera?“

„Ja, ég veit það ekki alveg. Hún á von á barni blessunin svo hún fær nú nóg að gera von bráðar, en ætli hann Hafþór hjálpi henni ekki með eitthvað þangað til.“

„Jahérna hér. Ég bið að heilsa henni, þó hún muni örugglega ekkert eftir mér.“

„Ég skila því. Bless, vinan og farðu nú vel með þig.“

„Ég reyni það.“ Hún horfir á eftir gamla mannum ganga rösklega í átt að kirkjunni. Hann er beinn í baki en styður sig við dökkan eikarstaf með silfurhandfangi. Sólin gægist yfir fjallatoppa og það glampar á síðustu glerbrotin á milli steinanna. Best að koma sér að verki og klára svo að skúra staðinn. Þó Guðbjörgu finnist leiðinlegt að tína upp glerbrot og rusl þá finnst henni gaman að skúra Kajann. Það fylgir því viss endurnýjun að sjá staðinn hreinan og fínan. Orð gamla mannsins sitja samt í henni. „Þú ættir að vera að hugsa um börn og bú ...“ Einkennilegt hvað þau særðu hana, þó hún viti að þetta var ekki illa meint. En gömul sár gróa seint og hún hélt einu sinni að hún væri á þeirri leið. Á meira að segja trúlofunarhringinn ofan í skúffu. En það þýðir ekki að velta sér upp úr fortíðinni, það er kvenfélagskaffi seinnipartinn og þá þurfa ummerki næturinnar að vera horfin og ilmkerti, kaffi og kruðerí að koma í staðinn.

• • •

„Þú getur svo byrjað að vinna á elliheimilinu í fyrramálið ef þú treystir þér til.“ Hafþór leggur frá sér símann og skóflar brúnudum kartöflum á diskinn.

„Vá, takk fyrir. Rosalega ertu snöggur að redda þessu. En vita